

Alnæmi í Afríku



Framtíð þessa unga pils við Nyong-fljótið í Kamerún verður vonandi björt en hann og annað ungt fólk í álfunni býr í skugga alnæmis. Myndin er ótengd efni greinarinnar.

Ljósmynd: -aób

ALNÆMI KREFST FLEIRI mannslífa í Afríku á ári hverju en nokkur önnur dánarorsök. Styrjaldir, malaría, hungursneyð, berklar og aðrar plágur sem hrjá álfuna eru ekki eins mannskæðar og alnæmisplágan. Að undanfögnu hafa niðurstöður 13. alþjóðaráðstefnunnar um alnæmi verið birtar víða um heim. Hún var haldin í Durban í Suður-Afríku í júlí í sumar.

Það er einkum fólk í blóma lífsins sem smitast af alnæmi. Fátækt álfunnar

hefur haft mjög alvarleg áhrif á útbreiðsluna, bæði fátækt í þeim löndum þar sem alnæmi breiðist hraðast út og fátækt einstaklinga sem getur leitt til áhættusamra lífshátta svo sem vændis.

En það er ekki einungis í skugga örbirgðar og fáfræði sem sjúkdómurinn hefur breiðst út. Alnæmi er talið ein helsta ógn við uppbyggingu menntunar, hagkerfis og félagslegra réttinda í álfunni. Til dæmis hefur verið tekið að allt að 25% lækna í ýmsum löndum sunnanverðrar Afríku muni látast af völdum sjúkdómsins fyrir árið 2005.

Ástandið verst í Botswana

Ef lítið er á einstök lönd álfunnar kemur í ljós að ástandið er verst í Botswana þar sem 35,8% íbúa á aldrinum 15-50 ára eru smitaðir. Fleiri lönd álfunnar eru með yfir fimmtung smitaðan, af fólki á besta aldri. Öll löndin sunnan Sahara hafa orðið fyrir barðinu á sjúkdómnum en illa gengur að fá staðfestar tölur í sumum löndunum þar sem stjórnvöld hafa tilhneigingu til að líta framhjá vandanum.

Í Suður-Afríku er vandinn vaxandi

Í Suður-Afríku breiðist alnæmi nú út með vaxandi hraða. Talið er að 3,5 milljónir manna hafi sýkst nú þegar og sú tala verði komin upp í að minnsta kosti sex milljónir árið 2010. Það merkir að um 13% íbúa landsins á aldrinum 20-64 ára beri smitið. Munaðarleysingar munu nálgast að vera orðnir um milljón eftir fimm ár og verða væntanlega nálægt tveimur milljónum um 2010.

Helstu þættir í útbreiðslu alnæmis

Pótt nú sé lítið æ meir á aðra þætti en fátækt leikur enginn vafi á því að hún er helsta ástæða alnæmisvandans í Afríku. Fjármagn vantar til að byggja upp öflugt heilbrigðiskerfi og einnig til fræðslu um útbreiðslu sjúkdómsins og úrræði til varnar honum.

- Forystumenn í afrískum samfélögum hafa horft framhjá alnæmisvandanum og hann hefur hvergi verið tekinn föstum tókum.
- Ýmsar hefðir auka á hættuna á að smit eigi sér stað. Til að mynda er sá siður í sunnanverðri Afríku að nota plöntur til að þurrka slímhúðina innan á kynfærum kvenna.
- Ákveðin bannhelgi hvílir víða á því að ræða kynferðismál við börn. Foreldrar veita börnum sínum því ekki nauðsynlega kynfræðslu.
- Ýmsir trúarhópar hafa lagst gegn því að börn fái kynfræðslu í skólum. Þar af leiðandi fá þau ekki fræðslu um að verjur geti verið einstaklinga fyrir alnæmissmiti.
- Ólæsi er útbreitt og það setur fræðslu til almenningsskorður.
- Hefðbundnir hjúskaparsíðir ýta oft undir útbreiðslu veikinnar, til dæmis þar sem síður er að ekkjur giftist mági sínum eftir andlát fjölskylduföðurins. Sé banamein mannsins alnæmi, eins og æ oftast gerist, er konan oftast smituð og ber smitið áfram. Oft eiga giftir menn fleiri rekkjunauta og því er smit fljótt að berast áfram.
- Alnæmissmituðu fólki er víða útskúfað úr samfélaginu. Vændi er algengt úrræði, ekki síst þeirra sem eiga undir högg að sækja. Í þeirra hópi eru fjölmargir alnæmissmitaðir.
- Fátækt rekur marga karlmenn langan veg í atvinnuleit og hættan á skyndikynnum eykst enn frekar við slíkar aðstæður.
- Síðast en ekki síst er heilbrigðiskerfið í fátækari löndum Afríku mjög vanþróað, hreinlæti víða ábótavant, vatn af skornum skammti og starfsfólk og sjúkrahús illa tækjum búið. Þetta eykur mjög áhættuna á útbreiðslu alnæmis.

-aób

Heimildir

Ugeskrift for Læger 38/2000
 JAMA 12. júlí 2000
 (<http://jama.amaassn.org/issues/v284n2/ffull/jmn0712-1.html>);
<http://www.unaids.org>